

07.11.13

Kristín Ástgeirsdóttir alþingiskona

Alþ. Gl. 21. 12. 194

í viðtali við Magnús Árna Magnússon um stöðu Kvinnalistsans:

Kvinnalistinn er ekki þúkó

– miðað við hina flokkana sem eru meira en hálftrar aldar gamlir, eins og Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, segir Kristín.

Skóðanakönnun Kvinnalistsans um uppröðun á lista fyrir Alþingiskosningarnar í vor fór fram um síðustu helgi. Ekki nógu margar konur tóku þátt í henni til að niðurstaða hennar væri bindandi. Mikil leynd hefur hvílt yfir niðurstöðum og allri framkvæmd könnunarinnar. Kvinnalistinn hefur ekki átt góðu gengi að fagna í skóðanakönnunum að undanförmu og raddir hafa heyrst um það að hann sé að renna sitt skeið á enda. Kristín Ástgeirsdóttir er oddviti Kvinnalistsans í Reykjavík. Alþýðublaðið tók hana tali um stöðuna í dag.

-Hversvegna tóku svona sárafáar konur í Reykjavík þátt í forvali Kvinnalistsans?

„Miðað við fyrri ár þá er þetta besta þátttaka sem verið hefur í vali á frambjóðendum Kvinnalistsans. Við erum um þrjúhundruð skráðar Kvinnalistakonur í Reykjavík og það munaði sáralitlu að 60 prósent tækju þátt. Þegar talað er um skráðar Kvinnalistakonur þá er miðað við að þær séu búnar að borga félagsgjöld. Þó að það sé vitaskuld leitt að það skuli ekki hafa náóst 60 prósent þátttaka, þá er þetta samt mesta þátttakan síðan við fórum að beita þessari aðferð til að velja á lista.“

-Hvers vegna er svona mikil leynd yfir þessu öllu saman?

„Það var ákveðið á félagsfundi hér í Reykjavík að standa svona að málum, 60 prósent skráðra Kvinnalistsakvonna í Reykjavík þurfi að taka

þátt til að könnunin væri bindandi og ef það næðist ekki þá tæki uppstillingarnefndin sig til og stíllti upp, en ég get sagt fyrir mig að ég var ósátt við þetta og mótmælti á félagsfundi, en þetta var vilji meirihlutans. Nú leggur uppstillingarnefndin fram tillögu um uppröðun. En hún þarf ekki að birta niðurstöður könnunarinnar.“

-Það er talað um „vinkvennaveldi“ innan Kvinnalistsans. Hversvegna eiga yngri konur svona erfitt uppdráttar?

„Nú veit ég ekki hvað hefur komið út úr þessari skóðanakönnun en ég held að það sé af og frá að tala um eitthvað vinkvennaveldi. Við erum að vísu margar búnar að vera þarna mjög lengi og þekkjumst vel, en það hefur komið til starfa hópur af nýjum konum á öllum aldri á undanförmum árum. Auðvitað er þarna vinkvennahópar, en ég get ekki ímyndað mér að þeir séu hver fyrir sig það stórir að þeir geti ráðið niðurstöðum í svona forvali.“

-En eiga ungar konur ekkert erfitt uppdráttar?

„Ég veit ekki í hverju það ætti að felast. Einn af þremur borgarfulltrúum okkar er ung kona. Í kosningalaganefnd Alþingis sem nú er að störfum er ung kona fyrir okkur, framkvæmdastjóri Kvinnalistsans er ung kona og í ritstjórn Veru eru ungar konur. Það kemur væntanlega í ljós við röðun á frambodslistanannúna hvernig þeim vegnar, hvort þær njóta þess trausts í okkar hópi að

þeim sé stillt upp ofarlega á lista.“

-Hver er sérstaða Kvinnalistsans nú – er hún ekki að engu orðin eftir þátttökuna í Reykjavíkurlistanum í vor?

„Þrátt fyrir allt, þá er Kvinnalistsinn fyrst og fremst kvenfrelsisafli sem hefur það að meginmarkmiði að vinna að bættri stöðu kvenna og barna og vill breyta hugsunarhættinum í þjóðfélaginu þannig að konur njóti sanngælis. Þetta hefur engin önnur stjórnmalahreyfing á sinni stefnuskrá. Þó að við eigum ýmislegt sameiginlegt með öðrum flokkum þá er þetta sérstaða Kvinnalistsans. Við höfum náð ýmsu í gegn og verið frumkvöðlar varðandi ýmisskonar umræðu, en á öðrum sviðum gengur ekki eins vel eins og til dæmis í því að bæta launakjör kvenna. Það vil ég helst rekja til þess að hér skortir svo átakanlega breiða samstöðu kvenna. Sérstaða Kvinnalistsans er til staðar en auðvitað gátum við ekki spilt því tækifæri sem gafst til þess að komast til valda hér í borginni. Síðan eigum við eftir að sjá hvernig samstarfið reynist og allt of snemmt er að leggja einhvern dóm á það.“

-Hvernig skýrir þú hina miklu fylgislegð sem skóðanakannanir sýna Kvinnalistanann í um þessar mundir?

„Ég held að það sé ekki nokkur vafi að hreyfingin í kringum Jóhönnu Sigurðardóttur hefur haft áhrif á okkar fylgi. Samkvæmt greiningu Gallups, þá hefur okkar fylgi

minnkað mest í Reykjavík, þar sem við höfum verið langsterkastar. Þar er fylgi Jóhönnu Sigurðardóttur mjög mikið. Maður heyrir þær raddir að Kvinnalistsinn sé orðinn gamaldags og þúkó, en það er sérkennilegt þegar þetta er sagt um tólf ára gamla stjórnmalahreyfingu, miðað við hina flokkana sem eru meira en hálftrar aldar gamlir, eins og Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sem eru gamalgrónir flokkar. Auðvitað vekur þetta spurningar hjá okkur. Finnst fólki að þessi rödd sé óþörf? Trúir fólk því ekki að Kvinnalistsinn nái frekari árangri? Eða er verið að rugla saman því að konur séu í frambóði, sem er auðvitað góður hlutur og hinsvegar því hvað þessar konur vilja gera? Þar er reginmunur á okkur og Jóhönnu Sigurðardóttur. Við erum kvenfrelsisafli en hún er að stofna almenna pólitíska hreyfingu og hún er hluti af gamla kerfinu og kemur beint út úr fjórflokknum. Og það er út af fyrir sig athyglisvert að fólk skuli hafa svona mikla trú á hennar hreyfingu. Við þurfum einfaldlega að snúa vöm í sökn.“

-Munú þið leggja til atlögu við Jóhönnu?

„Við munum fyrst og fremst leggja áherslu á okkar sérstöðu, en Jóhanna getur elki vikið sér undan ábyrgð á ákvörðunum síðustu sjö ára. Hvort sem það eru launamál, atvinnumál, húsnæðismál, að maður tali nú ekki um jafnréttismál.“

-Finnst þér rétt að kalla fyrrum



Kristín: Ég held að það sé ekki nokkur vafi að hreyfingin í kringum Jóhönnu Sigurðardóttur hefur haft áhrif á okkar fylgi. Samkvæmt greiningu Gallups, þá hefur okkar fylgi minnkað mest í Reykjavík, þar sem við höfum verið langsterkastar. Þar er fylgi Jóhönnu Sigurðardóttur mjög mikið. A-mynd: E.Ól.

þingkonur Kvinnalistsans til starfa – munt þú til dæmis beita sér fyrir því að Kristín Halldórsdóttir eða Guðrún Agnarsdóttir gefi aftur kost á sér?

„Það er ákvörðun Kvinnalistsans í hverju kjördæmi hvaða konur eru valdar þar til áhrifa og ekkert útilokar það að konur sem áður hafa verið á lista komi til starfa á ný. En ég sé enga ástæðu til þess. Við eigum nóg

af mjög frambærilegum konum, en sé það vilji meirihluta kvenna að fá þessar konur aftur þá er ekkert við því að segja. En ég sé engin rök sem mæla með því.“

-Ertu sátt við útafskiptaregluna?

„Já, ég er sátt við hana eins og hún er núna, þar sem miðað er við átta ár. Hún hefur bæði kosti og galla, en mér finnst skipta máli að fólk sitji ekki of lengi á þingi.“